

Fimmtudaginn 17. apríl 1986.

Nr. 129/1986. **Hraðfrystihús Þórkötlustaða hf.**

gegn

Útvegsbanka Íslands

Kærumál. Frestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Sigríður Ólafsdóttir borgardómari kvað upp hinn kærða úrskurð.

Sóknaraðili hefur með heimild í j-lið 1. tl. 21. gr. laga nr. 75/1973 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 18. mars 1986 sem barst Hæstarétti 11. þ.m. Hann krefst þess að hinum kærða úrskurði verði hrundið og lagt verði fyrir héraðsdómarann að halda áfram aðalflutningi málsins.

Frá varnaraðila hafa hvorki borist kröfur né greinargerð.

Sóknaraðili höfðaði mál þetta á hendur varnaraðila fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu 11. mars 1985 til greiðslu á 3.531.377 krónum með 19% ársvöxtum frá 21. febrúar 1985 til greiðsludags auk málskostnaðar. Um málavexti segir svo í stefnu: „Hin umstefnda skul er skv. niðurstöðu í gerðardómsmálinu: Hraðfrystihús Þórkötlustaða h/f gegn Skipasmiðjunni Herði h/f. Dómur í því máli var kveðinn upp 12. febrúar sl. Gerðarorðið hljóðaði svo: „Varnaraðili, Skipasmiðjan Hörður h/f, Njarðvík, greiði sóknaraðila, Hraðfrystihúsi Þórkötlustaða h/f, Grindavík kr. 2.941.960,- ásamt 19% ársvöxtum frá 29.6. 1984 til greiðsludags. Varnaraðili greiði kostnað af störfum gerðardómsins, kr. 228.000,-.“

Með yfirlýsingu Landsbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands h/f (sic), dagsettri 29. júní 1984, „ábyrgist Útvegsbankinn að þær dagsektir sem gerðardómurinn ákvarðar skuli greiddar ...“ Með bréfi undirritaðs, dagsettu 20.2. 1985, var Útvegsbankinn krafinn um dagsektir skv. gerðardómnum auk vaxta og kostnaðar við dóminn, alls kr. 3.531.377,-. Útvegsbankinn hefur svarað kröfunni og neitar að greiða fjárhæðina.“

Hefur varnaraðili krafist sýknu af framangreindum dómkröfum sóknaraðila.

Með stefnu 22. mars 1985 höfðaði Skipasmiðjan Hörður hf. mál fyrir bæjarþingi Keflavíkur og Njarðvíkur á hendur sóknaraðila, Hraðfrystihúsi Þórköflustaða hf. og krafðist þess „að staðfest verði með dómi bæjarþings Keflavíkur og Njarðvíkur, að stefnanda sé ekki skylt að greiða stefnda dagsektir vegna tafa sem urðu á framkvæmd breytinga á m/s Þórkötl II GK-197, sem gerðar voru í samræmi við samning stefnanda og stefnda þar um, dags. 11. júlí 1983...“

Í stefnunni kemur einnig fram að meginrök stefnanda þess máls fyrir kröfum þessum séu tvíþætt: „Lýtur annar þátturinn að því að stefnanda hafi ekki verið og sé ekki skylt að greiða dagsektir en til vara ekki eins háar dagsektir og dómur gerðardómsins segir.

Hinn þátturinn lýtur að því að gerðardómurinn hafi farið gróflega út fyrir verksvið sitt þegar hann vék einum dómendanna úr dómnum og hafi hann verið óstarfhæfur eftir það, nema valin hefði verið sú leið að skipa að nýju oddamann, sérfróðan um smíði stálskipa. Einnig að það hafi verið utan verksviðs gerðardómsins að fjalla um dagsektir, þar sem ákvæðum sem tengdust þeim hafi verið breytt með samkomulaginu frá 30. desember 1983.“

Samkvæmt þessu hefur með sérstöku dómsmáli verið gerð krafa um að Skipasmiðjunni Herði hf., sem varnaraðili er í ábyrgð fyrir, sé óskylt að hlíta gerðardóminum sem um ræðir hér að framan. Varða úrslitin verulega um mál það sem hér um er fjallað. Þykir því eftir 2. mgr. 117. gr. laga nr. 85/1936 mega staðfesta þá ákvörðun héraðsdómara að fresta meðferð þessa máls.

D ó m s o r ð:

Ákvörðun héraðsdómara um að fresta meðferð málsins nr. 2173/1985 á bæjarþingi Reykjavíkur á að vera óröskuð.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 5. mars 1986.

Í máli þessu liggja fyrir á dskj. nr. 16 stefna og dskj. nr. 20 framhaldsstefna í málinu nr. 412/1985: Skipasmiðjan Hörður hf. gegn Hraðfrystihúsi Þórköflustaða hf. sem rekið er fyrir bæjarþingi Keflavíkur og Njarðvíkur. Eins og skjöl þessi bera með sér snýst það mál m.a. um gildi gerðardóms þess sem byggt er á í máli þessu, fyrir aðilja hans, sem og reikningskil þeirra.

Úrslit þess máls teljast geta varðað verulega um úrslit í máli þessu og þykir því rétt með vísan til 2. mgr. i.f., 117. gr. l. nr. 85/1936 að fresta máli þessu ex officio þar til endanlega hefur verið skorið úr því deiluefni sem framangreint mál fjallar um.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Máli þessu er frestað ex officio þar til endanlega hefur verið skorið úr því deiluefni, sem um er fjallað í bæjarþingsmáli Keflavíkur og Njarðvíkur nr. 412/1985: Skipasmiðjan Hörður hf. gegn Hraðfrystihúsi Þórkötlustaða hf.

Föstudagur 18. apríl 1986.

Nr. 133/1984. **Thor R. Thors**

Richard Thors

Þórður Thors

Unnur Thors og

Jóna Íris Thors

(Jón St.Gunnlaugsson hrl.)

gegn

Eyjarhreppi

(Hjalti Steinþórsson hdl.)

Stjórnarskrá. Skattar. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Bjarni K. Bjarnason, Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason, Halldór Þorbjörnsson, Magnús Thoroddsen og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjendur skutu málinu til Hæstaréttar með stefnu 17. júlí 1984. Þeir krefjast sýknu af kröfum stefnda og greiðslu málskostnaðar óskipt bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi kréfst staðfestingar hins áfrýjaða dóms með þeim breytingum að vextir verði dæmdir 2,75% á mánuði frá 1. september 1984 til 1. febrúar 1985, 3,75% á mánuði frá þeim tíma til 1. mars s.á., 4% á mánuði frá þeim tíma til 1. júní s.á., 3,5% á mánuði frá þeim tíma til 1. september s.á., 3,75% á mánuði frá þeim tíma